

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 109/2006

frá 22. september 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2006 frá 7. júlí 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/20/EB frá 17. febrúar 2006 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á tilskipun ráðsins 70/221/EB varðandi eldsneytisgeyma og undirakstursvörn að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 26. mars 2006 um breytingu á tilskipun ráðsins 72/245/EBE frá 20. júní 1972 um rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi) í ökutækjum og tilskipun 70/156 /EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra í því skyni að laga þær að tækniframförum ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/27/EB frá 3. mars 2006 um breytingu á tilskipunum ráðsins 93/14/EBE um hemlun vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum og 93/94/EBE varðandi lögboðnar áletranir á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB um hámarkshraða sem er ákveðinn með hönnun, hámarksnúningskraft og hámarksnettóvélarafli vélknúinna ökutækja á tveimur eða þremur hjólum og 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja í því skyni að laga þær að tækniframförum ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE) og 11. lið (tilskipun ráðsins 72/245/EBE):

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 48, 18.2.2006, bls. 16.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 27.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 7.

„– **32006 L 0028**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/28/EB frá 6. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 27).“

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 70/221/EBE):

„– **32006 L 0020**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/20/EB frá 17. febrúar 2006 (Stjtíð. ESB L 48, 18.2.2006, bls. 16).“

3. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45n (tilskipun ráðsins 93/34/EBE), lið 45s (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/1/EB) og lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB):

„– **32006 L 0027**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/27/EB frá 3. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 7).“

4. Eftirfarandi bætist við í lið 45h (tilskipun ráðsins 93/14/EBE):

„, eins og henni var breytt með:

– **32006 L 0027**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/27/EB frá 3. mars 2006 (Stjtíð. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/20/EB, 2006/28/EB og 2006/27/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. september 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.